Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Bréf frá Magnúsi Sch. Thorsteinsson

Bjarni Benediktsson – Einkabréf – Póstkort – Skeyti –Vasabækur – 1941-1966 – Magnús Sch. Þorsteinsson

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Ræður og greinar
Askja 1-6, Örk 9

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík 5. Júní

Forsætisráðherra Bjarni Benediktsson.

Kæri vinur.

Fyrst vil eg þakka þér fyrir heimsókn þína til mín á sjötugsafmæli mínu þ. 4. Október sl. Eg var þá þegar orðinn veikur og gat því miður ekki tekið móti gestum. Eg lagðist svo fyrir alvöru 15. desember sl. og hefi verið rúmfastur síðan, en – eg hefi fengið að liggja heima – og það munar öllu. Eg er nú á batavegi og fæ að fara framúr samtals 5–6 tíma á dag, með hvíldum á milli.

Svo vil eg þakka þér fyrir hve vel þú tókst á móti Davíð mínum

þegar hann leitaði til þín í fyrra, í vanda okkar.

Loks vil eg óska þér og þjóðinni til hamingju með þann mikla vanda, sem þú nú hefur leyst. Eg hafði enga trú á að þér tækist þetta – taldi það óleysanlegan hnút. En þetta hefir þér tekist. Ofurlitla hugmynd tel eg mig hafa um þá vinnu – eða öllu heldur vinnuþrælkun – sem þú hefir á þig lagt. Um það veit að sjálfsögðu enginn – nema þú og konan þín.

Ekki gat eg varist brosi þegar ég sá mynd af þér í Vísi í gær og las þar, að þú ætlaðir að halda fyrirlestur – í öllu atvinnuleysinu!

Ég sagði líka við Sigríði þegar ég las þetta: það er einsog Bjarni komist yfir allt. En af því ég er lækmissonur leyfi ég mér að minna á það sem pabbi sagði svo oft við mig: öllu má ofbjóða - einnig sterkbyggðum karlmanni.

Seig er gamla maddaman. Ég var að hugsa um að kaupa Tímann nokkra næstu daga - en hætti við það. Nú eru vorhreingerningar framundan - og öllum óþverra skal fleygt. Því þá að flytja hann inn í húsið. Ég veit líka hvað Tíminn mun skrifa næstu daga: Maddaman leysti vandann. -

„Stefna" maddömmunnar hefir

Sigrað – rétt eins og á einu-
sinni!

Með bestu óskum og kærum
kveðjum til ykkar hjónanna
frá Sigríði og mér.

Þinn einl.

Magnús Pét. Thorsteinsson.